

**3492. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
24. febrúar 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2201006 - Fundargerðir 2022 - menningar- og safnanefnd

102. fundargerð menningar- og safnanefndar þann 17. febrúar 2022.

Ólafur Páll Gunnarsson kemur inn á fundinn undir þessum lið.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Ólafur Páll Gunnarsson vikur af fundi.

2. 2201046 - Fundargerðir 2022 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

174. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 8. febrúar 2022.

Tillaga að samþykkt um meðferð úrgangs í Borgarbyggð. Hafi fleiri sveitarfélög áhuga á að setja samþykkt á þessu sviði er upplagt að nota þessa samþykkt sem grunn.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. 2201152 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022

12. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara.

20. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál.

93. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíældi.

332. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Lagt fram.

4. 2112025 - Sementsreitur útboð á byggingarrétti 2021

Tilboð vegna útboðs á byggingarrétti vegna uppbyggingar á Sementsreit voru opnuð þann 13. desember síðastliðinn. Fastefli ehf. var með hagstæðasta tilboðið. Frá þeim tíma hafa átt sér stað könnun á uppfyllingu lögaðilans á kröfum samkvæmt útboðinu (fjárhagslegst hæfi o.fl.).

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir dagskrárlíðum nr. 4 til og með nr. 6.

Lagt fram.

Bæjarstjóra falin frekari úrvinnsla málsins. Verður til umfjöllunar á næsta fundi bæjarráðs þann 10. mars næstkomandi.

Samþykkt 3:0

5. 2201198 - Gatnagerðargjald - gjaldskrá 2022

Drög að enduskoðaðri gjaldskrá vegna gatnagerðargjalda lögð fram til kynningar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og vísar gjaldskránni til efnislegrar meðferðar hjá skipulags- og umhverfisráði.

Samþykkt 3:0

6. 2103307 - Ræsting í stofnunum Akraneskaupstaðar - útboð

Tilboð vegna útboðs Akraneskaupstaðar um ræstingu í stofnunum kaupstaðarins tímabilið 2022 til og með 2025 voru opnuð þann 21. janúar síðastliðinn. Alls bárust 5 tilboð. Lægsta tilboðið var frá Hreint ehf. að fjárhæð um 124 m.kr.

Kostnaðaráætlun var 162 m.kr.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

Sigurður Páll Harðarson vísar af fundi.

7. 2201087 - Samfélagsmiðstöðin Dalbraut 8 - uppbygging

Erindisbréfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 8. febrúar síðastliðinn og bæjarfulltrúarnari Kristinn Hallur Sveinsson og Einar Brandsson verða fulltrúar bæjarstjórnar í hópnum.

Lagt fram.

Afgreiðslu um tilnefningu verkefnastjóra/fagstjóra frestað til næsta fundar bæjarráðs sem verður þann 10. mars næstkomandi.

Samþykkt 3:0

8. 2001177 - Reglur um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar

Gunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hefur verið óbreytt frá 1. janúar 2021 eða kr. 172.975 fyrir einstakling og kr. 276.760 (172.975*1,6) fyrir hjón/sambúðarfólk. Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð 3,5% hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar frá 1. janúar 2022. Velferðar- og mannréttindaráð vísar málinu til afgreiðslu í bæjarráði.

Bæjarráð samþykkir hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar um 3,5% sem taki gildi þann 1. mars næstkomandi.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:25.

